

## Ráð til borgara aðildarríkja ESB og fjölskyldumeðlima þeirra.

### Helstu atriði

Dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkja ESB á pólskri grundu eru afgreidd samstundis, en afgreiðsla dvalarleyfa fyrir fjölskyldumeðlimi ESB borgara, sem ekki eru sjálfir ESB borgarar, er afgreidd eigi síðar en 6 mánuðum eftir móttöku viðeigandi umsóknar.

Umsóknir skulu sendar á pólsku á til þess gerðu umsóknareyðublaði. Umsóknareyðublöðum, sem fyllt eru út á erlendu máli, skal fylgja pólsk þýðing sem unnin er af löggiltum þýðanda.

Öll bréf (tilkynningar, stefnur, ákvarðanir, bókanir o.s.frv.) , eru send með pósti og staðfestingu um móttöku eða í sumum tilfellum send með starfsmanni stofnunarinnar sem umsóknin heyrir undir. Bréfin eru send til þín eða til fulltrúa sem þú hefur valið.

Ef ómögulegt reynist að afhenda bréf til þín eða annars fullorðins heimilismeðlimar, er bréfið skilið eftir á pósthúsi næstu 7 daga, og tilkynning þess efnis sett í póstkassa, eða annars við dyr móttakanda bréfsins. Bréfið er talið afhent að þessum tíma loknum.

Móttaka bréfsins skal vera staðfest af þinni hálfu með undirritun og dagsetningu. Ef þú forðast að staðfesta móttöku, mun sendillinn sjálfur staðfesta dagsetningu móttöku, hverjum bréfið var afhent og ástæðu vöntunar undirritunar. Ef þú hefur hafnað móttöku bréfs sem þér er sent með pósti eða öðrum hætti, er bréfið sent til baka til sendanda með athugasemdum um höfnun móttöku, og dagsetningu höfnunar. Í slíkum tilfellum er bréfið talið afhent miðað við dagsetningu höfnunar móttakanda.

Breytingar á dvalarstað skal tilkynna til þeirrar stofnunar sem umsóknin heyrir undir. Meðan á umsókn stendur eru öll bréf send á það heimilisfang er síðast var uppgengið til stofnunarinnar.

Ef þú skiptir um heimilisfang, og stofnuninni sem þitt mál heyrir undir hefur ekki borist tilkynning þess efnis, er bréfið sent á það heimilisfang er síðast var uppgengið af þinni hálfu.

Í samræmi við reglugerðir um Stjórnunarhætti umsókna er bréf sem sent er með þessum hætti talið afhent, jafnvel þó þú búir ekki á uppgefnu heimilisfangi og sökum þess náðir ekki inntaki bréfsins.

Vanræksla á tilkynningarskyldu þinni um breytingar á heimilisfangi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þig, til dæmis:

- vinnslu umsóknar er stöðvuð
- ákvörðun stofnunarinnar getur orðið óumdeilanleg, sökum vanræklunnar tilkynningarskyldu og áfrýjunarfrestur rennur út til að áfrýja ákvörðuninni í fyrsta lagi til stofnunarinnar og í öðru lagi til héraðsdóms í Varsjá.

Stofnanir sem meðhöndla umsóknir geta, áður en ákvörðun er tekin, kallað eftir því að þú mætir persónulega til að gefa skýringar á tilteknum kringumstæðum þínum sem eru nauðsynlegar til að taka ákvörðun.

Öllum höfnuðum umsóknum sem snúa að “Lögum um inngöngu ESB borgara og fjölskyldumeðlima þeirra í Pólland” er svarað skriflega með skýringum. Bent skal á að veita þeim þáttum sérstaka athygli sem snúa að áfrýjun ákvarðana, sem og áfrýjunarfrest. Eingöngu fyrir lok áfrýjunarfrests er hægt að áfrýja ákvörðunum til stofnunarinnar í fyrsta lagi og koma kvörtun til Héraðsdóms í Varsjá í öðru lagi.

ESB borgarar eða fjölskyldumeðlimir þeirra sem gista annars staðar en á: hótélum, vinnubúðum, námsmannaíbúðum, heilsuhælum, eða frídvalarstöðum ber að tilkynna um tímabundin dvalarstað eigi síðar en 4 dögum eftir innkomu í landið.

### **Innkoma og dvöl í Póllandi í allt að 3 mánuði**

ESB borgarar get komið og dvalið í Póllandi í allt að 3 mánuði, að því gefnu að þeir hafi gild ferðagögn til að staðfesta nafn og þjóðerni.

Fjölskyldumeðlimur, sem er ekki ESB ríkisborgari, má koma inn í Pólland að því gefnu að hann hafi gild ferðagögn og ferðaávisun, ef á er þörf. Á meðan dvöl stendur í allt að 3 mánuði þarf fjölskyldumeðlimur utan ESB að hafa gild ferðagögn.

Umsókn um innkomu og dvalarleyfi með ESB ríkisborgara, skal vera sent af fjölskyldumeðlim utan ESB til konsúls eða landamærastjóra.

Ákvörðun um höfnun um innkomu í Pólland er í höndum landamærastjóra, ef upplýsingar um þig finnast á *lista af útlendingum sem ekki er óskað* eða ef þú hefur ekki gild ferðagögn eða gildar persónuupplýsingar.

Í tilvikum þar sem eitthvað vantar af upptöldum gögnum getur landamærastjóri gefið þér frest eigi lengri en 72 tíma til að verða þér út um gild ferðagögn.

### **Landvistarleyfi í meira en 3 mánuði**

Ríkisborgarar ESB geta fengið landvistarleyfi í Póllandi í meira en 3 mánuði ef:

1. viðkomandi er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í Póllandi ( í slíkum tilfellum gildir landvistarleyfið einnig fyrir fjölskyldumeðlimi sem eru með viðkomandi ríkisborgara ESB í Póllandi).
2. viðkomandi hefur almenna sjúkratryggingu eða er heimilt að njóta heilsugæslu skv. Reglugerðum um ráðstöfun sem skilgreindar eru í málsgrein 5 atriði 23 í Lögum frá 27 ágúst 2004 um heilsugæslu sem fjármögnuð er með almannafé (Dz. U. Nr 210, poz. 2135, með síðari breytingum), og viðkomandi þarf að eiga fyrir því að geta stutt sjálfan sig og fjölskyldu sína í Póllandi án þess að sækja í félagsaðstoð ( í þessu tilfelli gildir landvistarleyfið einnig fyrir fjölskyldumeðlim sem dvelur með viðkomandi ríkisborgara ESB í Póllandi)
3. viðkomandi er í námi eða starfsþjálfun og hefur almenna sjúkratryggingu eða er heimilt að njóta heilsugæslu skv. Reglugerðum um ráðstöfun sem skilgreindar eru í málsgrein 5 atriði 23 í Lögum frá 27 ágúst 2004 um heilsugæslu sem fjármögnuð er með almannafé (Dz. U. Nr 210, poz. 2135, með síðari breytingum), og viðkomandi þarf að eiga fyrir því að geta stutt sjálfan sig og fjölskyldu sína í Póllandi án þess að sækja í félagsaðstoð ( í

Þessu tilfelli gildir landvistarleyfið einnig fyrir maka og barn sem dvelja með viðkomandi ríkisborgara ESB í Póllandi)

4. viðkomandi er maki pólsks ríkisborgara; eða ef viðkomandi hefur fengið vinnuleyfi í Póllandi, í tilvikum þar sem hömlur um aðgengi að vinnumarkaði gilda fyrir ríkisborgara ESB, skv alþjóðlegum samningum.

Ríkisborgari ESB og fjölskyldumeðlimir hans, sem ekki uppfylla ofanverð skilyrði halda landvistarleyfi sínu í tilfellum sem skýrð eru í smáatriðum í Lögum frá 14. júlí 2006 um innkomu, dvöl og brottför í Póllandi fyrir ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlimi þeirra (Dz. U. Nr 144, poz 1043) sökum fags eða persónu.

Ef dvöl í Póllandi verður lengri en 3 mánuðir ber ríkisborgurum ESB að skrá dvöl sína, og fjölskyldumeðlimir sem ekki eru ríkisborgarar ESB ber að afla sér dvalarleyfis sem fjölskyldumeðlimir ríkisborgara ESB.

Umsókn um skráningu og dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlimi ríkisborgara ESB, skal vera afhent í persónu til viðkomandi svæðisyfirvalda eigi síðar en næsta dag eftir að fyrstu 3 mánuðir eru liðnir frá innkomu í Pólland.

Skjöl eða skriflegar yfirlýsingar sem staðfesta að dvalarskilyrði eru uppfyllt skulu fylgja umsóknum í þeim tilfellum þar sem sótt er um dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlimi ríkisborgara ESB, einnig skulu ljósmyndir fylgja.

Þegar umsókn um dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlimi ríkisborgara ESB er skilað inn þarf einnig að sýna gild ferðagögn. Ríkisborgari ESB skal einnig hafa tiltæk gögn til að staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni.

Fjölskyldumeðlimir sem ekki eru ríkisborgarar ESB fá samstundis afhent skírteini um móttöku umsóknar frá svæðisyfirvöldum.

Ríkisborgari ESB, sem hefur skráða veru, fær afhent skírteini um skráningu dvalarleyfis frá svæðisyfirvöldum. Við móttöku skírteinis ber þér að sýna gild ferðagögn og önnur gögn sem staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni og að greiða gjald að upphæð 1 PLN.

Dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlimi ríkisborgara ESB er gefið út af svæðisyfirvöldum. Við móttöku skírteinis ber þér að sýna gild ferðagögn og önnur gögn sem staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni og að greiða gjald að upphæð 30 PLN.

Ríkisborgurum ESB og fjölskyldumeðlimum þeirra ber að senda viðeigandi svæðisyfirvöldum umsókn um breytingu á skírteini umsóknar um skráningu dvalarleyfis fjölskyldumeðlima ríkisborgara ESB ef upplýsingar breytast eða glatast. Þegar umsókn um breytingu á skírteini umsóknar um skráningu dvalarleyfis er skilað inn skal sýna gild ferðagögn og önnur gögn sem staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni.

Þegar umsókn um breytingu á eða útgáfu nýs dvalarleyfis fjölskyldumeðlima ríkisborgara ESB skal sýna gild ferðagögn og afhenda eldri dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlimi ríkisborgara ESB og myndir.

Í tilfellum um ógildingu á dvalarleyfi fjölskyldumeðlima ríkisborgara ESB eða dauðsfall fjölskyldumeðlimar ríkisborgara ESB skal skila skírteini samstundis til þeirrar stofnunar sem gaf það út.

## Endalaust dvalarleyfi

Ríkisborgari ESB fær endalaust dvalarleyfi í Póllandi eftir 5 ára samfleyta veru í landinu.

Fjölskyldumeðlimir ríkisborgara ESB fá endalaust dvalarleyfi í Póllandi eftir 5 ára samfleyta dvöl í landinu.

Dvöl í landinu er talin samfleyt ef hlé á dvöl nemur ekki meira en 6 mánuðum á hverju ári. Dvöl í Póllandi stöðvar ekki þó farið sé úr landinu í lengri tíma en nefnt er hér að ofan, í tilfellum vegna herþjónustu eða annarra persónulegra kringumstæðna, einsog fæðingar, vinnu, sjúkdóma, náms, starfsþjálfunar, færslu, sem krefst lengri tíma utan landsins, að því skilyrði að tímabilið sé ekki lengra en 12 samfleytir mánuðir.

Dvöl í Póllandi er stöðvuð með framkvæmd ákvörðunar um brottvísun *ríkisborgara ESB* eða *fjölskyldumeðlima hans sem ekki eru ríkisborgarar ESB* úr landi.

Lög um innkomu í Pólland, dvöl og brottför fyrir ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlimi þeirra ræður úrslitum í öflun á endalausum dvalarleyfi áður en 5 ára tímabili lýkur í tilfellum vegna fags eða persónu.

Ríkisborgari ESB sem hefur útvegað sér endalausum dvalarleyfi, fær að umsókn lokinni skírteini sem staðfestir endalaust dvalarleyfi. Umsókninni skal skilað inn í persónu til viðeigandi svæðisyfirvalda. Fjölskyldumeðlimur sem ekki er ríkisborgari ESB fær að umsókn lokinni endalaust dvalarleyfi fyrir fjölskyldumeðlim ríkisborgara ESB. Umsókninni skal skilað inn persónulega til viðeigandi svæðisyfirvalda, áður en önnur leyfi renna út.

Myndir skulu fylgja umsóknum um endalaust dvalarleyfi fyrir ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlimi þeirra og sýna skal gild ferðagögn. Ríkisborgari ESB má sýna önnur gögn til að staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni.

Þegar skírteini endalauss dvalarleyfis fyrir ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlimi þeirra er sótt ber þér að sýna gild ferðagögn og önnur gögn sem staðfesta persónuupplýsingar og þjóðerni sem og að greiða gjald að upphæð 30 PLN.

Ríkisborgari ESB og fjölskyldumeðlimum hans ber að sækja um breytingar á skírteinum endalauss dvalarleyfis ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlima hans til viðeigandi svæðisyfirvalda í tilfellum þar sem upplýsingar upplýsingar breytast eða glatast, sem gerir erfiðara að staðfesta eiganda skírteinis og gildi þess.

Þegar umsókn um breytingu á skírteini endalauss dvalarleyfis ríkisborgara ESB er skilað inn skulu fylgja eldri skírteini og ljósmyndir, í tilfellum þar sem skírteini er glatað skal sýna gild skilríki sem staðfesta persónu og þjóðerni.

Þegar umsókn um breytingu á skírteini endalauss dvalarleyfis fjölskyldumeðlima ríkisborgara ESB er skilað inn skulu fylgja eldri skírteini og ljósmyndir, í tilfellum þar sem skírteini er glatað skal sýna gild ferðagögn.

Ef um er að ræða ógildingu á endalausum dvalarleyfi ríkisborgara ESB og fjölskyldumeðlima eða dauðsfall ber að skila inn skírteinis samstundis.

Sá sem:

1. uppfyllir ekki skyldu sína að skrá dvöl í Póllandi

2. vanrækir skyldu sína að afla skírteini dvalarleyfis fyrir sig og fjölskyldumeðlimi sína
3. gegn skyldu sinni skilar ekki dvalarleyfi fyrir sig og fjölskyldumeðlimi sína

- getur þurft að sæta refsingu.